

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300 Borgarnes



Reykjavík 3. apríl 2017
UST201702-187/K.S.J.
10.04.02

Efni: Borgarbyggð, tillaga að breytingu á aðalskipulagi að Varmalandi

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 15. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar er varðar landnotkun á svæði fyrir þjónustustofnanir reit Þ6 á Varmalandi.

Skipulagssvæðið

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að reitur Þ6 er í gildandi aðalskipulagi skilgreindur sem svæði fyrir þjónustustofnanir og er alls 19593 m²


Hluta af þessum reit sem er lóð gamla húsmæðraskólans að Varmalandi er áætlað að breyta í svæði fyrir verslun og þjónustu, nýja lóðin er alls 6404 m² og er nefndur reitur S8. Fram kemur að ætlunin er að nýta byggingu gamla húsmæðraskólans sem hótél.


Í lýsingu kemur fram að áætlað er að auka byggingarmagn á reit S8. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í lýsingu að við áætlun um uppbyggingu hótels á reit S8 og þegar byggingarmagn er aukið á lóðinni þurfi að taka tillit til þess að lóðin er við íbúðahúsagötu og taka þarf tillit til íbúa þar.

Fráveitur

Í greinargerð kemur fram að fráveita á svæðinu fer í hreinsivirki. Umhverfisstofnun bendir á að í deiliskipulagi þarf að koma fram stærð hreinsivirkis og einnig þarf öll fráveita að vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr 798/1999.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur